

## **BORGARRÁÐ 29. júní 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Innri endurskoðun kanni tildrög atviks í íbúaráði Laugardals**

Lagt er til að borgarráð óski eftir því við Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að hún kanni tildrög þess að fundarmenn íbúaráðs Laugardals fengu rangar og villandi upplýsingar um verksvið og heimildir íbúaráðsins frá starfsfólki.

### **Greinargerð:**

Á íbúaráðsfundi Laugardals þann 12. júní 2023 atvikaðist svo að samtal milli tveggja starfsmanna Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu birtist á skjá þess starfsmanns sem heldur utan um íbúaráðsfundina. Ljóst er af því samtali að starfsfólkinu sem um ræðir skorti bæði réttan skilning á starfi sínu og samþykktum íbúaráða Reykjavíkur og veittu starfsmenn því fundarmönnum bæði rangar og villandi upplýsingar um sitt verksvið og heimildir innan íbúaráðsins. Fyrir vikið gátu fundarmenn ekki innt hlutverk sitt af hendi með réttum hætti sem þýðir jafnframt að íbúaráðið starfaði ekki með réttum hætti.

Ætla má að þetta hafi ekki verið einangrað tilvik enda ólíklegt að starfsmenn hafi vísitandi ætlað að villa um fyrir þessu tiltekna íbúaráði. Miklu frekar má ætla að þjálfun starfsfólksins hafi ekki verið með fullnægjandi hætti eða þá að atvikið endurspegli skilning Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu á samþykktum íbúaráðanna eða víðteknar venjur innan skrifstofunnar sem kunna að vera meðvitaðar eða ómeðvitaðar.

Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar grundvallast á því að nefndir og ráð innan borgarinnar starfi með þeim hætti sem þeim er ætlað að gera og samkvæmt samþykktum ráða og nefnda Reykjavíkurborgar. Ef grunur leikur á að starfsfólk og kjörnir fulltrúar leggi mjög mismunandi skilning í verksvið og heimildir þeirra nefnda og ráða sem þeir starfa í ætti það að kalla á yfirferð þessa mála. Enda felur það í sér vanvirkni þeirra ráða og nefnda með tilheyrandi sóun á tíma allra aðkomandi og fjármunum borgarsjóðs.